

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

*Landeyjahöfn, deiliskipulag.*

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Rangárþings eystra á fundi sínum 14. maí 2009 deiliskipulag hafnarsvæðis við Landeyjahöfn í Austur-Landeyjum, Rangárþingi eystra.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra staðfesti deiliskipulagið í Landeyjahöfn á fundi 9. mars 2010, eftir að gerðar voru smávægilegar breytingar á skipulaginu og voru þær eftirfarandi:

Viðlegukanti var hliðrað, og innri brimgarði breytt til þess að minnka óróleika hafnarinnar. Gangstígum, bílastæðum, staðsetningu útsýnispalls og afmörkun varabílastæða hefur verið breytt í samræmi við það. Auk þess sem lóð nr. 1 stækkar um 79 m<sup>2</sup>. Umræddar breytingar voru gerðar að beiðni Siglingastofnunar og eftir ábendingum skipstjórnarmanna. Einnig var bætt inn í greinargerð umhverfisskýrslu í samræmi við 9. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana, og gerð grein fyrir hvernig umhverfisskýrsla fellur inn í afgreiðslu deiliskipulagsins.

Greinargerð og uppráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hvolsvelli, 23. apríl 2010.*

F.h. Rangárþings eystra,

**Rúnar Guðmundsson,**  
skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings bs.